

Umhverfisstofnun
Þórdís Vilhelmína Bragadóttir,
sérfræðingur
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. maí 2015
2015050031/42-4-1
KHS, TB
tb

Umsögn vegna umsóknar um undanþágu til að nálgast hreiður hafarna, fálka og þórshana

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 19. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Sigurðar Ægissonar, þar sem hann óskar eftir undanþágu til að nálgast hreiður hafarna, fálka og þórshana til myndatöku.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins. Sigurður Ægisson er reyndur fuglaljósmyndari og þekkir hegðun fugla vel. Á síðasta ári sótt umsækjandi um samskonar leyfi en ekki kemur fram í gögnum málsins hvort hann nýtti það leyfi sem honum var veitt eða ekki. Náttúrufræðistofnun getur fyrir sitt leyti mælt með að leyfi sé veitt, aðeins fyrir haförn og fálka, með þeim skilyrðum að það sé gert í samráði við Náttúrufræðistofnun, sbr. drög að leyfisveitingu. Ekki hefur verið haft samband við sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar t.d. um leyfi til að fara með merkingarmönnum að hreiðrum og því óvíst hvort stofnunin getur orðið til aðstoðar.

Varðandi þórshana gegnir öðru. Á síðasta ári taldi Náttúrufræðistofnun að binda ætti leyfi vegna myndatöku við þórshana við ferðir rannsóknamanna, en rannsóknir fóru fram á þórshana á síðast ári. Þetta var gert til að minka truflun. Ekki er vitað til þess að farið verði í rannsóknir á þórshana í ár og ekki kemur fram hvort umsækjandi nýtti sér útgefið leyfi á síðasta ári. Náttúrufræðistofnun getur ekki mælt með því að veitt sé opið leyfi til myndatöku við þórshanhreiður. Stofnunin hefur ekki tók á því að vera umsækjanda inna handar hvað myndatöku við þórshanhreiður varðar.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar

